

10. júní 1976.

205

Nr. 87.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í samkomulagi um lausn á fiskveiðideilu Íslands og Bretlands frá 1. júní 1976 sé ákveðið, að veiðar af hálfu þeirra veiðiskipa, sem heimild hafa til veiða á tilteknum svæðum innan fiskveiðilandhelginnar þann tíma, sem samkomulagið gildir, er fara í bága við ákvæði samkomulagsins, varði þeim viðurlögum, að viðkomandi skip missi rétt til veiða samkvæmt samkomulaginu.

Beri brýna nauðsyn til að marka framkvæmd á sviptingu leyfis í lögum um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi er samkomulag um lausn á fiskveiðideilu milli Íslands og Bretlands frá 1. júní 1976, skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu þeirra bresku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fylgiskjal með samkomulaginu, og heimilaðar eru veiðar á umsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal fellt niður af fyrrnefndri skrá, og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum samkomulagsins.

Dómsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um þá framkvæmd samningsins, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. júní 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

A 26